



Reykjavíkurborg
Menntasvið
Öskjuhlíðarskóli

www.oskjuhlidarskoli.is
osk@oskjuhlidarskoli.is
S. 568 97 40
Fax. 568 9774



sími: 411 7950

3. mars 2010

Fundur í skólaráði

Á fundinn mættu:

Dagný Annasdóttir, skólastjóri - Jóhann A. Kristjánsson, aðstoðarskólastjóri
Halla Birgisdóttir, sérkennari – Auður Ásgeirsdóttir, matreiðslukennari
Hansína Skúladóttir, ráðgjafarþroskaþjálfari – Ragnheiður Sigmarsdóttir, foreldri
Karen Alda Mikaelsdóttir, nemandi – Garðar Freyr Írisarson, nemandi

Dagný segir frá einkunnarorði skólans sem við ætlum að gera áberandi á heimasíðu skólans. „Hæfni fyrir lífið“ Sigríður Níelsdóttir, kennari á hugmyndina af þessu einkunnarorði. Dagný og Jóhann eru búin að fara á fund með fjármáladeildinni á Menntasviði og lítur fjárhagsáætlun ágætlega út.

Óvíst er með nemendafjölda næsta skólaár. Inntökufundur verður í næstu viku, þar sem fjallað verður um nokkrar umsóknir. Það útskrifast 15 nemendur úr 10. bekk núna í vor.

Hansína Skúladóttir ráðgjafarþroskaþjálfari sagði að fötlunarfræðslu þyrfti að bæta í almennum skóla.

Dagný sagði frá fyrirhuguðum breytingum á húsnæði skólans og bótum sem við fáum úr sjóði fyrir ferilmál fatlaðra.

Umsókn um breytingar ([sjá bréf](#))

Lyftubúnaður er í skynörvunaraðstöðu, viðgerð á göngubraut og stækkun á salernum yngri deildar.

Dagný hefur einnig óskað eftir styrk frá kvenfélagi Hringsins til að kaupa tvær SMART töflur fyrir skólann og er svars að vænta í lok mars mánaðar.

Skólaferðir í grunnskóla borgarinnar voru lagðar af í fyrra. Farið var í útskriftarferð með 10. bekk í fyrra til Vestmannaeyja og sleðaferð. Reynt verður að finna leiðir til að fara til Vestmannaeyja með nemendur 10. bekkjar nú í vor.

Skóladagatal næsta vetrar kynnt. Fulltrúa foreldra leist vel á skóladagatalið.

Fundaritari

Jóhann A. Kristjánsson

JAK/KH